

Blokkflauta

Algengustu meðlimir blokkflautufjölskyldunnar eru sópranínó-, sópran-, alt-, tenór- og bassablokkflautur. Talsvert er til af kennsluefni og tónlist fyrir sópranblokkflautu en megnið af tónbókmenntum blokkflautunnar er fyrir altblokkflautu og því nauðsynlegt að nemendur hafi hana sem aðalhljóðfæri þegar á líður í náminu. Mikilvægt er að nemendur kynnist öðrum blokkflautum eftir því sem aðstæður og líkamsþroski leyfir.

Algennt er að nemendur hefji nám á sópranblokkflautu 6–7 ára gamlir, en 8–9 ára börn eru yfirleitt nógu stór til að hefja altblokkflautunám. Í upphafi blokkflautunáms kemur til greina að ungir nemendur stundi nám á sópranínóblokkflautu og skipti síðan yfir á stærra hljóðfæri með auknum líkamsþroska.

Mikilvægt er að vanda val á hljóðfærum og grundvallaratriði er að nemendur stundi nám á blokkflautur með barokkgripum, allt frá upphafi námsins.

(Aðalnámskrá tónlistarskóla)

- - -

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum eða samspili** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).

